

BORGARRÁÐ 15. ágúst 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úrræði foreldra sem biða eftir húsnæði fyrir fatlaða einstaklinga - R19080069

Borgarfulltrúi Flokks fólksins er í sambandi við all marga foreldra fatlaðra einstaklinga sem segjast vera úrvinda vegna langrar biða eftir sérstöku búsetuúrræði. Fullorðinn einstaklingar með fötlun eru heima hjá foreldrum sínum í sumum tilfellum þar sem foreldrar geta engan vegin sinnt þeim ýmist vegna fötlunar þeirra eða veikinda foreldrana. Hér er verið að brjóta á rétti fatlaðs einstaklings sem á rétt á viðeigandi þjónustu frá borginni. Á sumum heimilum eru síðan yngri systkini sem farin eru að sýna streitu- og vanlíðunareinkenni vegna aðstæðna. Þetta fólk hefur verið að banka upp á svo mánuðum og jafnvel árum skiptir í þeirri von að fá sérstakt búsetuúrræði fyrir fullloðin fötluð börn sín. Hvað eiga þessir foreldrar að gera í þessari stöðu? Borgin hefur nýlega keypt hús á Hringbraut fyrir fatlaða einstaklinga og því bera að fagna. En betur má ef duga skal. Það vantar búsetuúrræði fyrir 180 manns. Þessi málaflokkur er í lamasessi og ef litið er til síðustu ára hefur hann verið meðal þeirra sem stillt er upp aftast í forgangs röðuninni.